

GJALDSKRÁ

fyrir hundahald í Stykkishólmsbæ.

1. gr.

Hundaeygndur í Stykkishólmsbæ skulu greiða leyfisgjald skv. 3. tölulið 1. gr. og 13. gr. samþykktar um hundahald í Stykkishólmsbæ nr. 966 /2015.

2. gr.

Árlegt leyfisgjald fyrir að halda hund, sbr. 3. tölulið 1. gr. samþykktar nr. 966/2015, skal vera kr. 15.604 fyrir allt árið eða hluta úr ári. Innifalið í leyfisgjaldi er hundahreinsunargjald, trygging, númeraplata á ól og umsýslugjald sveitarfélagsins.

Gjalddagi er 1. október og eindagi 30. október. Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga verði gjaldið ekki greitt í síðasta lagi á eindaga.

Um vexti af vangreiddum gjöldum samkvæmt gjaldskrá þessari gilda almennar reglur. Um inn-heimtu gjalda fer samkvæmt ákvæðum laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998.

3. gr.

Handsömunargjald fyrir óskráða hunda, sbr. 3. tölulið 1. gr. samþykktar nr. 966/2015, skal vera kr. 20.000. Fyrir skráða hunda skal gjaldið vera kr. 8.916 fyrir 1. skipti, kr. 13.374 fyrir 2. skipti og kr. 17.833 fyrir 3. skipti.

Óskráðir hundar skulu ekki afhentir eiganda sínum fyrr en að lokinni skráningu.

Ef til aflífunar hunds kemur, skal eigandi að auki greiða útlagðan aflífunarkostnað.

4. gr.

Framangreind gjaldskrá er samþykkt af bæjarstjórn Stykkishólmsbæjar samkvæmt 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Gjaldskráin öðlast gildi við birtingu í B-deild Stjórnartíðinda.

Staðfest af bæjarstjórn Stykkishólmsbæjar 7. desember 2017

Stykkishólmi, 18. desember 2017

Sturla Böðvarsson bæjarstjóri.

